



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2022
Garðyrkjuskólinn Reykjum

GRÓÐ2PN03 Plöntunotkun

Kennari:	Steinunn Garðarsdóttir (steinunn.gardarsdottir@fsu.is)
----------	---

Áfangi	Einingar	Hæfniprep
GRÓÐ2PN03 – Plöntunotkun	3 fein	2
Lýsing Fjallað er um plöntunotkun með tilliti til þess hvers konar rými á að skapa í garði/á opnu svæði. Mismunandi gróðursamfélög skoðuð og helstu eiginleikar plantna sem einkenna hvert samfélag. Farið yfir helstu tegundir plantna sem tilheyra hverju samfélagi fyrir sig. Farið í hvernig hægt er að skapa vistvæn og sjálfbær gróðursamfélög í gördum með skynsamlegu plöntuvali. Umhirða plantna í mismunandi gróðursamfélögum. Fjallað um rannsóknir sem tengjast plöntum í manngerðu umhverfi og jákvæð áhrif plantna á lýðheilsu.		
Forkröfur GRÓÐ2GB03 (Garðblóm) (samhliða), GRÓÐ2TR03 (Tré og runnar), VIST1IN03 (Vistfræði inngangur)		
Þekkingarviðmið Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - Hvernig plöntur eru notaðar til að skapa rými í umhverfi. - Mismunandi gróðursamfélögum og helstu einkennum þeirra. - Einkennisplöntum mismunandi gróðursamfélaga og helstu eiginleikum þeirra. - Uppbyggingu vistvænna og sjálfbærra gróðursamfélaga í gördum. - Plöntuvali sem miðar að því að minnka umhirðu. - Umhirðu plantna í mismunandi gróðursamfélögum. - Rannsóknir á áhrifum plantna á mannif og lýðheilsu.	Hæfniviðmið Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - Leggja mat á hvaða plöntur henta til að skapa mismunandi rými, út frá eiginleikum plantna og umhverfisskilyrðum, metið með rökstuðnini og útsjónarsemi. - Sýna skilning á þörfum plantna við mismunandi vaxtarskilyrði og hvernig best er að mæta þeim þörfum, metið með rökstuðningi og útsjónarsemi. → Ráðleggja öðrum um plöntuval í mismunandi umhverfi þannig að plönturnar geti vaxið saman og myndað sjálfbært gróðursamfélag, metið með kynningu og rökstuðningi.	

Leikniviðmið Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • Átta sig á hvernig notkun plantna hefur áhrif á rýmisvitund fólks. • Bera saman mismunandi gróðursamfélög og einkenni þeirra.	• Sýna skilning á jákvæðum áhrifum plantna á mannlíf, lýðheilsu og lífríki og útskýra fyrir öðrum.
Námsmat Einkunn fyrir verkefni nemenda (50%) og skriflegt lokapróf (50%).	
Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara) Kennsla í áfanganum er byggð upp með fyrirlestrum, skoðunarferð og verkefni nemenda.	
Tenging við grunnþætti Læsi: Nemendur læra að lesa umhverfi sitt og samspil lífvera og umhverfis. Sjálfbærni: Grunnþáttur þessa áfanga er að nemendur læri að útbúa sjálfbær gróðursamfélög í görðum/á opnum svæðum. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru höfð sem leiðarljós. Sköpun: Við plöntuval og myndun á rými fær sköpunargleði nemandans að njóta sín. Lýðræði og mannréttindi: Nemendur bera ábyrgð á sínu námi og sýna öðrum virðingu. Jafnrétti: Nemendur eru allir jafnir og í hópavinnu gildir jafnræði.	
Dags.: 3.1.2025 Höfundur: Steinunn Garðarsdóttir (byggt á lýsingu frá Guðríði Helgadóttur)	

Námsefni:

- Efni frá kennara, heimasíður og gagnagrunnar á netinu og ýmsar bækur af bókasafni og víðar:

Bækur:

Urban Landcaping as taught by Nature: NordGreen. Fæst á skrifstofu á 3.000 kr. -mæli með að kaupa.

Ib Asger Olsen: Planter i Milljøet - lærebog i panteavendelse. Til á bókasafni.

Andrew Mikolajski: Garden Design - Inspiration and Ideas.

Heidi Howcroft og Marianne Majerus: Garden Design: A Book of Ideas

Norbert Kühn: Neue Staudenverwendung

Bækur eftir Noel Kingsbury og/eða Piet Oudolf. Til á bókasafni.

<https://yndisgrodur.lbhi.is/>

<https://gardplontur.is/plontuleit/>

o.fl. efni sem verður bent á í tíma

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dags.	Tími	Efni	Verkefni
1	Fim. 9.1.2025	9:00 – 12:00	Kynning. Um mikilvægi gróðurs í skipulagi, gróðursamfélög plöntuhópar. (Vettvangsferð: nærumhverfi skólans)	
2	Fös 17.1.2025	12:45 – 15:45	Landslagshönnun og rýmismyndun. Plöntuhópar og kjörlendi.	
3	Fös 24.1.2025	12:45 – 15:45	Að hanna með náttúrunni, kjörlendi og gróðursamfélög og plöntuhópar.	
4	Fös 31.1.205	12:45 – 15:45	Flokkun plöntutegunda og mismunandi notkun. Gestafyrirlesari Hrönn Hafliðadóttir: Aðferðafræði við samsetningu gróðurs í borgarumhverfi	
5	Mán 3.2.2025 (skyldumæting)	12:45 – 15:45	Verkefnavinna: plöntuskipulag, plöntuteikning og plöntulisti. (Vettvangsferð: nærumhverfi skólans)	
6	14.2.2025	ekki kennsla	Vinna sjálf í verkefni	
7	Fös 21.2.2025	12:45 – 15:45	Gróðursamfélög. Gestafyrirlesari Sigríður Embla Heiðmarsdóttir: Notkun fjölæringa	
8	Fös 28.2.2025	12:45 – 15:45	Gróðursamfélög og plöntunotkun.	
9	Mán 3.3.2025 (skyldumæting)	9:00 – 12:00	Vettvangsferð. Hafnarfjörður og skógrækt Hfj. (Þöll): Steinar Björgvinsson	
10	Mán 10.3.2025	9:00 – 12:00	Fjölæringar og náttúrumiðaðar lausnir.	
11	Fim 20.3.2025	12:45 – 15:45	Umhirða og viðhald grænna svæða.	Skil á verk. 1 (gildir 10%)
12	Mið 26.3.2025	9:00 – 12:00	Plöntur og lýðheilsa.	
13		ekki kennsla		Skil á verk. 2 (gildir 40%)
14	Mið 9.4.2025	12:45 – 15:45	Yfirlit og áherslur fyrir próf.	
17	Mið 7.5.2025	12:45 – 15:45	Próf.	

Skipulag áfanga

Kennsla fer fram með fyrirlestrum, skoðunarferð og verkefnavinnu. Hvatt er til virkrar þátttöku í tíma.

Fyrirlestrar: Fyrirlestrar kennara (glærupakkar) verða settir inn í kennslukerfi skólans, innu, undir heiti áfangans. Kennari prentar **ekki** glærupakkana út þannig að þeir nemendur sem vilja hafa útprentað efni verða að gera það sjálfir.

Skoðunarferðir: Í lotuvikum verður farið í verkefnavinnu og skoðunarferðir fyrir alla nemendur námskeiðsins (bæði staðar- og fjarnema). Athugið að mætingaskylda er hjá öllum nemendum í lotuvikum. Nemendur vinna stutt heimaverkefni sem tengist skoðunarferð. Í þessa tíma þurfa nemendur að mæta með skissubók, ritföng (blýant, penna og liti) og vera klædd eftir veðri. Auk þess er möguleiki að skroppið verði út í styttri skoðunarferðir í nærumhverfinu þegar ekki eru lotuvikur fyrir þá nemendur sem eru á staðnum.

Heimaverkefni: Allir nemendur vinna tvö heimaverkefni, eitt stærra verkefni, unnið í 2-4 manna hóp og eitt lítið verkefni í tengslum við skoðunarferð. Virða skal skilafrest á heimaverkefnum.

Upptökur og streymi: Fyrirlestrar verða teknir upp í kennslustundum og aðgengilegir fjarnemum, auk þess sem þeim verður streymt í rauntíma. Nemendur eru kvattir til að taka virkan þátt í tímum, syrja spurninga og skapa umræður um námsefnið.

Námsmat:

Stærra verkefni gildir 40% af lokaeinkunn. Lágmarkseinkunn er 4,5 og þarf að standast verkefnið til að öðlast próftökurétt.

Verkefni í tengslum við skoðunarferð gildir 10% af lokaeinkunn. Lágmarkseinkunn er 4,5 og þarf að standast verkefnið til að öðlast próftökurétt.

Skriflegt lokapróf gildir 50% af lokaeinkunn. Lágmarkseinkunn á prófi er 4,5.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Garðyrkjuskóla FSU, Reykjum, 7. janúar 2025

Steinunn Garðarsdóttir